

Alþjóðahjálparsjóður Lions, LCIF (Lions Clubs International Foundation), var stofnaður árið 1968.

Hlutverk Alþjóðahjálparsjóðs Lions, LCIF, er að styðja við verkefni Lionsklúbba og samstarfsaðila þeirra við að þjóna samfélögum í nærumhverfinu og á heimsvísu, gefa von og hafa áhrif á lífsgæði með styrkjum til mannúðarverkefna. Frá stofnun hefur LCIF fjármagnað mannúðarverkefni um allan heim, með framlögum Lionsfélaga, almennings og samstarfsaðila. Rekstrarfyrirkomulag LCIF tryggir að 100% framlaga endi sem styrkir eða verkefni. Ekkert af styrktarfé er notað til rekstrar- eða stjórnunarkostnaðar.

Um það bil 75% framlaga til sjóðsins eru fengin með tilnefningu til Melvin Jones. Framlag vegna tilnefningar til Melvin Jones félaga er 1.000 US\$

Framlög úr LCIF renna fyrst og fremst til átta höfuðflokka:



Alþjóðahjálparsjóðurinn, LCIF, þykir um margt merkilegur á heimsvísu og hefur fengið fjölmargar viðurkenningar. Til dæmis má nefna að sjóðurinn hefur:

- þrisvar sinnum verið tilnefndur til Friðarverðlauna Nóbels
- þrisvar sinnum verið valinn af Finacial Times sem besti alþjóðlegi óháði hjálparsjóður heims.
- margoft fengið hæstu mögulegu einkunn „Charity Navigator“ fyrir stjórnun, áreiðanleika og gegnsæi.